

SÖGU- HRINGUR KVENNA

Söguhringur kvenna er samstarfsverkefni Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi (W.O.M.E.N.) og Borgarbókasafnsins. Tilgangur verkefnisins er að skapa vettvangur fyrir konur, Íslenskar jafnt sem erlendar, sem vilja deila reynslusögum sínum, bæði persónulegum upplifunum sem og bókmenntalegum. Vettvangurinn er einnig hugsaður sem tækifæri fyrir erlendar konur að æfa sig í að tala íslensku og kynnast íslenskum konum – og öfugt. Verkefninu var hrundið í framkvæmd haustið 2008.

Verkefnisstjórar eru Paola Cardenas sem situr í stjórn W.O.M.E.N. og Kristín R. Vilhjálmstöttir verkefnisstjóri á aðalsafni Borgarbókasafns Reykjavíkur. Verkefnisstjórnar hafa báðar reynslu af búsetu í útlöndum og á Íslandi. Paola hefur búið lengur á Íslandi en Kristín, þó nöfn þeirra gefi annað til kynna. Paola er upp-

runalega frá Venesúela en hefur búið hér á landi í samtals 9 ár en Kristín hefur hinsvegar einungis búið hér í samtals 7 ár: fyrstu 6 ár ævi sinnar og síðastliðið ár, en í millitiðinni hefur hún verið búsett í Danmörku. Fyrirmynd Söguhringsins er einmitt dönsk en þar í landi standa bókasöfn oft fyrir myndun fjölmenningarlega hópa sem hittast á vettvangi bókasafnanna.

Fundur Söguhrings kvenna fara fram fyrsta sunnudag í hverjum mánuði kl. 15:00 á aðalsafni Borgarbókasafnsins. Að meðaltali mæta um 10-12 konur af blönduðum uppruna. Paola og Kristín finna a.m.k. einn frummælenda fyrir hvern fund sem segir frá sinni reynslu. Þær hafa báðar tengis inn í þann fjölmenningarlega hóp fólks sem býr á Íslandi og oftast eru það konur af erlendu bergi brotnar sem koma og deila reynslu sinni af flutningi milli



Verkefnisstjórar Söguhrings kvenna: Paola Cardenas og Kristín R. Vilhjálmstöttir.

landa og búsetu á Íslandi og upplifunum því tengdu. Einnig hafa Íslenskar konur sem búið hafa erlendis sagt frá sinni sögu. Að lokinni frásögn spinnast oft fjórugar umræður um það hvernig það er að vera útlendingur auk þess sem menningarlegur bakgrunnur gestanna er kynntur og ræddur.

Paola og Kristín eru sammála um það að mjög vel hafi til tekist með verkefnið. „Verkefnið gefur konum af erlendum uppruna tækifæri til að hitta og kynnast öðrum konum og deila reynslu sinni með öðrum í sömu sporum eða með sömu reynslu að baki“, segir Paola.

